

## Aðalfundur Félags sjúkraþjálfara

### Starfsreglur um framkvæmd kosninga til trúnaðarstarfa og fleiri málefni tengd aðalfundi FS

**Lagðar fram til kynningar á aðalfundi FS, dags. 14. mars 2017**

#### **Framboð og kosning til trúnaðarstarfa**

##### **1. Formaður**

Þegar lok kjörtímabils formanns nálgast skal formaður tilkynna stjórн FS hvort hann hyggist bjóða sig fram til endurkjörs.

Minnst 3 mánuðum fyrir aðalfund skal kallað eftir framboðum til formannsembættis. Framboðsfrestur rennur út 6 vikum fyrir áætlaðan aðalfund og skal skilað til ritara félagsins.

Þegar framboðsfresti lýkur skulu frambjóðendum gefnar 2 vikur til að kynna sig að vild. Skrifstofa félagsins aðstoðar við kynningu á frambjóðendum á miðlum félagsins og skal gæta jafnræðis.

Að þeim tíma liðnum fer fram rafræn kosning meðal allra félagsmanna (nema ungfélaga) séu fleiri en einn í kjöri. Séu fleiri en tveir í kjöri og ekki fæst hreinn meirihluti í fyrstu umferð skal kjósa aftur rafrænt milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.

Komi ekki mótframboð gegn sitjandi formanni telst hann sjálfkjörinn án kosningar.

Niðurstöðu kosninga skal lýst á aðalfundi.

##### **2. Stjórн og aðrar trúnaðarstöður**

Framboð til trúnaðarstarfa félagsins (annarra en formanns) skulu hafa borist uppstillingarnefnd amk. 3 vikum fyrir aðalfund og upplýsingar um frambjóðendur sendar út með aðalfundarboði. Því aðeins er hægt að bjóða sig fram á aðalfundi að ekki hafi komið framboð í embættið fyrir tilskilinn framboðsfrest. Kjósa skal skriflega á aðalfundi, séu fleiri í kjöri en kjósa á.

#### **Ritstýring ályktana og lagagreina**

Komi fram ályktun eða lagabreytingartillaga, þar sem mikil umræða skapast um orðalag er fundarstjóra heimilt að vísa efninu til ritara aðalfundar og stjórнar FS og þeim falið að annast frágang efnisins. Tryggt skal að efnistök og innihald sé í samræmi við vilja aðalfundar, einungis er heimilt að finna orðalagi góðan farveg.

Samþykkt af stjórн FS og lagt fram til kynningar á aðalfundi félagsins, dags. 14. mars 2017.